

hafa afgreiðslugjald vegna ríkisábyrgða frá gildistöku laga nr. 121/1997, en fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, eiga endurkræfa þá fjárhæð sem er umfram það sem kveðið er á um í gjaldskrá þessari.

*Fjármálaráðuneytinu, 17. ágúst 1999.*

**Geir H. Haarde.**

*Þórhallur Arason.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Grafarholt.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Gerð er landnotkunarbreyting í Grafarholti sunnan Vesturlandsvegar. Nyrsti hluti fyrirhugaðrar íbúðabyggðar breytist í athafnasvæði. Jafnframt verður hluti almenns útivistarsvæðis milli Vesturlandsvegar og Grafarholts og helgunarsvæði stofnbrauta fært undir athafnasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. ágúst 1999*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Grafarholt (Leirdalur).

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. ágúst 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Landnotkun í Grafarholti breytist þannig að tengibraut um Grafarholt, Leirdal, og Reynivatnsheiði er felld niður. Lega tengibrautar norðan Grafarholts (Reynivatnsvegur) er færð til norðurs inn á útivistarsvæði. Í norðurjaðri Grafarholts verða lóðir fyrir athafna- og þjónustusvæði og skólagarðar í botni Leirdals í stað íbúðasvæðis. Þar sem megingönguleiðir þvera umferðargötur er gert ráð fyrir undirgöngum. Á þeim hluta íbúðasvæðis á Grafarholti þar sem hljóðstig fer yfir viðmiðunarmörk mengunarvarnareglugerðar (55dB) verða útfærðir hljóðtálmur eða gerðar aðrar ráðstafanir til að draga úr umferðarhávaða.